

Mál nr. 163/2007

M
og
Vátryggingafélagið X v/A
og
Vátryggingafélagið Y v/B

Árekstur á gatnamótum Snorrabrautar og Bergþórugötu
þann 29.07. 2007.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 27.08. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 30.08. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 3) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 06.09. 2007.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. A var ekið austur Bergþórugötu og áleiðis til vinstri norður Snorrabraut, B var ekið norður Snorrabraut. Ágreiningur er um stöðu umferðarljósanna við áreksturinn. Hvor ökumanna sakar hinn um að hafa ekið á móti rauðu umferðarljósi.

Vátryggingafélag A telur að framburður ökumanns A um stöðu umferðarljósanna hljóti að vega þyngra en framburður ökumanns B því ökumaður B hafi verið "mjög ölvaður er áreksturinn varð". Vátryggingafélag B vísar til þess að ekki sé ágreiningur um að ökumaður B hafi verið ölvaður og ekki fær um að aka ökutæki. Hins vegar sé ekki hægt að horfa framhjá framburði hans um stöðu umferðarljósanna. Félagið telur að skipta skuli sök til helminga þar sem ósannað sé hver hafi verið staða ljósanna þegar áreksturinn varð.

Álit.

Miðað við fyrirliggjandi gögn var ökumaður B ófær um að aka ökutæki sökum ölvunar. Lögreglan lætur þess getið í skýrslu sinni af vettvangi að ökumaðurinn hafi verið sjáanlega ölvaður og að áfengisþef hafi lagt frá vitum hans, sjáöldur hans voru útvíkkuð, málfar ruglingslegt og jafnvægi óstöðugt.

Þegar tekið er mið af framanituðu og fyrirliggjandi gögnum verður frásögn ökumanns A lögð til grundvallar við afgreiðslu máls þessa. Ökumaður B ber halla af sönnunarskorti í máli þessu. Hann ber því ábyrgð á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 18. september 2007

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.